

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Hornafirði, 10. júní 2022  
nr. erindis 202205142 BB

**Málefni:** Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar við frumvarpi til laga um sveitarstjórnarlög (íbúakosningar á vegum sveitarfélaga), 571. mál.

„Sveitarfélagið Hornafjörður hefur verið að undirbúa íbúakosningar skv. 108 gr. sveitarstjórnarlaga eftir að íbúar kröfðust þess með undirritun undirskriftalista. Til stóð að framkvæma rafrænar íbúakosningar sem gekk ekki þar sem ekkert kosningakerfi er til staðar í landinu sem uppfyllir öryggiskröfur. Ekkert er fjallað um kosningakerfi í frumvarpinu þó komið sé inn á það í greinargerðinni. Ráðuneytið og/eða Þjóðskrá Íslands þarf að tryggja nothæft kosningakerfi þannig að sveitarfélög geti með góðu móti framkvæmt rafrænar íbúakosningar sem uppfylla lagaskilyrðin.

Virðingarfyllst,

---

Bryndís Bjarnarson  
stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúi  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar